

Mánudagiun 24. mars 1919.

Nr. 6/1919:

Valdstjórnin
 gegn
 Hallgrími T. Hallgríms.

D ó m u r :

Með dómi uppkveðnum í lögreglurjetti Reykjavíkur 16. jan. þ. á. var kærði Hallgrímur T. Hallgríms kaupmaður í Reykjavík dæmdur í 300 kr. sekt til landssjóðs samkvæmt 14. gr. í lögum nr. 91, 14. nóv. 1917 um aðflutningsbann á áfengi, svo og til að greiða allan af málinu gegn honum leiddan og leiðandi kostnað. — Þessum dómi hefir stjórnarráðið af hálfu valdstjórnarinnar skotið til yfirdómsins.

Í n á li þessu er það löglega sannað með eidfestum og samhljóða framburði vitnanna Jóns Kristjánssonar verkamanns og Ingimars Jónssonar sjómanns gegn neitun kærða, Hallgríms T. Hallgríms, að hann hafi laugardaginn 4. jan. þ. á. selt þeim eina þriggja pela flösku af áfengi (brennivíni) heima hjá sjer í húsinu nr. 8 við Aðalstræti hjer í bænum fyrir 15 kr., er þeir greiddu honum samstundis.

Eftir framburði vitnanna voru hin nánari atvik að sölu þessari þau, að nefndan laugardag, 4. jan. síðastl., komu vitnin inn í sölubúð kærða í Aðalstræti til þess að spyrja eftir neftóbaki; hafi þá áfengi borist í tal, og hafi kærði látið orð falla um það, að hægt mundi vera að útvega það, og gerðu vitnin

Þá ráð fyrir að koma síðar um daginn til að vita um það. Fóru þeir Jón og Ingimar við svo búíð út úr búðinni, en hjer um bil 20 mínútum síðar komu þeir aftur; hittu þeir þá eigi kærða í búðinni; en þeim var vísað upp á loft í sama húsinu, þar sem kærði býr. Hittu þeir hann þar og spurðu hann hvort þeir gætu fengið flösku hjá honum, og játti kærði því, og kom með svarta flösku, er hann sagði að kostaði 15 kr., en með því að þeim virtist flaskan óhrein eða innihald hennar, sögðust þeir ekki vilja hana. Hafi þá kærði gengið að hlera í norð-austur horni herbergisins, opnað hann og tekið þar hvíta flösku með áfengi á. Þessa flösku tóku vitnin og borguðu kærða hana með 15 kr., sem áður segir.

Kærði neitar því fastlega að hann hafi selt mönnum þessum áfengi og eins hinu að þeir hafi komið heim til sín greindan dag, og hann kveðst hvorki hafa átt eða hafa haft undir höndum áfengi þennan dag, en gegn eiðfestum ákveðnum og samhljóða framburði vitnanna kemur þessi neitun hans eigi til greina.

Vitnið Ingimar Jónsson hefir auk þess borið það, og unnið eið að því, að kærði hafi síðar sama dag, selt sjer aðra flösku af sams konar áfengi, sömuleiðis fyrir 15 kr., og tekið að veði fyrir andvirði hennar regnkápu sína, en gegn afdráttarlausri neitun kærða, verður það ekki talið sannað.

Húsrannsókn hefur ekki farið fram hjá kærða, og er það því ósannað að hann hafi haft í vörslum sínum meira af áfengi en þessa einu eða tvær flöskur.

Kærði hefir ekki leyfi til innflutnings áfengis

samkvæmt 2. gr. í lögum nr. 91, 14. nóv. 1917, og hann hefur ekki sagt lögregustjóra til þess að hann hefði áfengi í vörslum sínum eftir 10. gr. nefndra laga.

Samkvæmt framansögðu er það löglega sannað að kærði hefir haft í vörslum sínum áfengi, sem hann hefur ekki sagt til eftir 10. gr. aðflutningsbannslaganna, og verður þá samkvæmt 11. gr. þeirra að líta svo á að hann hafi gerst brotlegur gegn 1. gr. laganna, og þykir refsing sú, er hann hefir til unnid hæfilega ákveðin eftir 14. gr. þerra, og með tililiti til þess að sannað er að hann hefur selt áfengi, 300 kr. sekt til landssjóðs, svo sem ákveðið er í hinum áfrýjaða dómi, en með því að það hefur ekki sannast á kærða, að hann hafi selt áfengi nema í þetta eina skifti, og ekkert hefur orðið upplýst um það, hvar eða í hvaða skyni hann hefir fengið það, þykir eigi heimild til auk sektarinnar að beita fangelsisrefsingu gegn kærða.

Með því að yfirdómurinn fellst á ákvæði lög-reglurjettardómsins um málskostnað ber að staðfesta hann í öllum greinum. Kærði verður og að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflytningislaun til skipaðs sækjanda og skipaðs verjanda fyrir yfirdómi, 15 kr. til hvors.

Það vottast að rekstur málsins í hjerði hefur verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Lögreglurjettardómurinn á að vera óraskaður. Kærði Hallgrímur T. Hallgríms greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin máflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, yfirjettarmálaflutningsmannanna Jóns Ásbjörns-sonar og Eggerts Claessen 15 kr. til hvors. Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 31. mars 1919.

Nr. 75/1618:

Ólafur J. Hvanndal
 gegn
 Jes Zimsen

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði áfrýjandinn Ólafur J. Hvanndal kaupmaður hjer í bænnum fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn Jes Zimsen konsúl til greiðslu á 830 kr. 40 a. fyrir uppskipun á vörum úr gufuskipinu »Rollo« í júnimán. 1917 ásamt vöxtum og málskostnaði. Máli þessu lauk svo fyrir bæjarþinginu með dómi uppkevðnum 20. júní f. á., að stefndi Jes Zimsen var dæmdur til að greiða áfrýjanda borgun fyrir þessa uppskipun eftir mati óvilhallra dómkvaddra